



Samþykkt í velferðarráði 27. október 2011 og í borgarstjórn 15. nóvember 2011

Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu í Reykjavík

Á grundvelli 29 gr.laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr.40/1991 og 25.gr.laga um málefni aldraðra nr.125/1999.

1.gr.

Greiðslur

Notandi heimaþjónustu sem fær þjónustu vegna þrifa á heimili sínu greiðir kr. 1000 fyrir hverja unna vinnustund á dagvinnutíma. Gjaldið miðast við 50% af kostnaði við virka vinnustund í heimaþjónustu á ársgrundvelli og er gjaldið endurskodað árlega.

Önnur félagsleg heimaþjónusta, þ.e. umönnunarþjónusta á dagvinnutíma og kvöld- og helgarþjónusta er endurgjaldslaus.

2.gr.

Undanþága frá greiðslu / lækkun greiðslu

Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir notendur sem einungis hafa tekjur samkvæmt framfærsluviðmiði TR eða þar undir. Árið 2011 er framfærsluviðmiðið 196.140 fyrir þá sem búa einir og eru með heimilisuppbót og 169.030 kr. fyrir þá sem búa með öðrum. Upphæðir munu hækka í samræmi við hækkanir á bótum almennatrygginga.

Þeir notendur heimaþjónustu sem hafa tekjur umfram tekjur frá TR eða samsvarandi fjárhæð, greiða aldrei hærri upphæð fyrir þjónustu en sem nemur 50% af umframtekjum.

Þjónusta umfram 6 vinnustundir á mánuði á hvert heimili er endurgjaldslaus.

3.gr.

Ákvörðun um lækkun eða niðurfellingu

Ákvörðun um lækkun eða niðurfellingu á greiðslu notenda heimaþjónustu er tekin af starfsmanni þjónustumiðstöðva og skal lögð fyrir fund matshóps til afgreiðslu.

4.gr.

Málskot

Ákvörðun um synjun á lækkun eða niðurfellingu greiðslu vegna heimaþjónustu má skjóta til velferðarráðs Reykjavíkurborgar. Skal það gert skriflega og eigi síðar en 4 vikum eftir að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

Ákvörðun velferðarráðs má skjóta til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála Hafnarhúsínu við Tryggvagötu. Skal það gert eigi síðar en 4 vikum frá því að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

5.gr.

Gildistaka

Samþykkt í velferðarráði 27. október 2011 og í borgarstjórn 15. nóvember 2011.

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. janúar 2012